

Kristín Brynjarsdóttir

MS-ritgerð: Use of Antipsychotics in Delirium: A pilot study to aid development of a protocol for a multinational study

Höfundur: Kristín Brynjarsdóttir fæddist þann 10. júlí 1999 og er uppalin í Eyjafjarðarsveit. Hún útskrifaðist úr Menntaskólanum á Akureyri af raungreinabraut árið 2019. Ári síðar flutti hún suður og hóf nám í Lyfjafræði við Háskóla Íslands. Kristín hefur síðastliðin ár unnið í apótekum og í lyfjapjónustu Landspítala í lyfjaskömmun, afgreiðsluapóteki og í lyfjapjónustu við deildir spítalans. Eftir útskrift mun Kristín hefja sumarstarf í lyfjablöndun innan Landspítalans og þar sem áhugi hennar liggur á kíníska sviði lyfjafræðinnar þá mun hún hefja frekara nám við Háskóla Íslands í haust í klínískri lyfjafræði.



Stuttur útdráttur úr ritgerð: Óráð er flókið heilkenni sem einkennist af truflun á vitrænni getu, meðvitund, athygli og skyntúlkun. Geðrofslyfjum hefur verið lýst sem „kjörlyfjameðferð“ til að meðhöndla óráð þrátt fyrir að þau séu mögulegur áhættuþáttur fyrir óráði. Vöntun er á rannsóknum sem leitt hefur til skorts á skýrum leiðbeiningum til að fylgja í klínískri þjónustu. Markmið rannsóknarinnar var að skoða notkun geðrofslyfja í óráði, bæði sem meðferð og sem óráðsvaldur, með því að fá innsýn frá heilbrigðisstarfsmönnum. Tveir rýnihópar voru haldnir til að meta þær upplýsingar sem þegar hafði verið safnað saman í áhættuflokkunartöflu úr fyrri verkefnum varðandi geðrofslyf og óráð. Áhættuflokkunartaflan var löguð í samræmi við þær upplýsingar sem komu fram í rýnihópunum og í framhaldinu voru Delfí fullyrðingar útbúnar. Þessar niðurstöður verða notaðar frekar í alþjóðlegri Delfí rannsókn til að nýta í þróun á klínískum leiðbeiningum um óráð.